

REIKNINGUR

Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1979.

Rekstrargjöld:

Laun og launatengd gjöld	kr.	43 457 133.—
Annar rekstrarkostnaður	—	15 939 152.—
Gjaldfærð fjárfesting	—	865 258.—
		<hr/>
	kr.	60 261 543.—

Rekstrartekjur:

Innheimtubóknun	kr.	1 876 098.—
Lögtakskostnaður	—	5 679 979.—
Vextir	—	19 988 560.—
		<hr/>
	kr.	27 544 637.—
Hlutur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	—	32 716 906.—
		<hr/>
	kr.	60 261 543.—

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1979.

Eignir:

Óinnheimtar kröfur	kr.	3 919 447 450.—
Jöfnunarsjóður v/skrifstofukostnaðar	—	32 716 906.—
Sjóður	—	10 765 771.—
Inneign á hlr. 333 í Útvegsbanka Íslands	—	20 956 168.—
		<hr/>
	kr.	3 983 886 295.—

Skuldir:

Tryggingastofnun ríkisins	kr.	2 412 674 058.—
Ógreiddur kostnaður	—	424 425.—
		<hr/>
	kr.	2 413 098 483.—
Framlag Jöfnunarsjóðs	—	1 570 787 812.—
		<hr/>
	kr.	3 983 886 295.—

Reykjavík 21. maí 1980.

Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga:

Guðm. Vignir Jónsson, Jón S. Ólafsson, Alexander Stefánsson.
form.

Árni Guðjónsson.

20. nóvember 1980.

Nr. 606.

REGLUGERÐ

um skráningargjald og árgjald sérlyfja á sérlyfjaskrá.

1. gr.

Umsókn um skráningu sérlyfs skal senda í fjórriti til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Umsóknareyðublöð fást í ráðuneytinu. Ráðuneytið áritar öll eintökin og tölusetur hverja umsókn við móttöku í áframhaldandi töluröð og fær umsækjandi eitt eintakið.

Með umsókn um skráningu sérlyfs skal fylgja skráningargjald að upphæð kr. 60 000.—. Er gjaldið óendurkræft þótt umsókn sé hafnað.

Þegar sótt er um skráningu á öðrum formum, öðrum styrkleikum eða um viðurkenningu á hvers konar breytingum á áður skráðum sérlyfjum, skal rita nýja umsókn. Er skráningargjald þá kr. 30 000.—.

2. gr.

Af hverju formi sérlyfs, sem er á sérlyfjaskrá 1. janúar ár hvert, skal greiða árlegt gjald að upphæð kr. 15 000.—, er greiðist sérlyfjasjóði fyrir 1. mars ár hvert.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. lyfjalaga nr. 49 16. maí 1978 og öðlast gildi við birtingu. Janframt eru felldar úr gildi 1. gr. og 12. gr. reglugerðar um skráningu sérlyfja á sérlyfjaskrá nr. 451/1976 með áorðnum breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. nóvember 1980.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 31, 4. apríl 1962, fyrir Útvegsbanka Íslands.

1. gr.

2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:
Vextir skulu leggjast við höfuðstól minnst einu sinni á ári.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 12, 29. mars 1961, um Útvegsbanka Íslands, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 27. nóvember 1980.

Tómas Árnason.

Þórhallur Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

um lágmarksafkastagetu flugvéla.

1. gr.

Flugvélar sem notaðar eru til farþegaflugs í atvinnuskyni við blindflugsskilyrði eða í næturflugi skulu hafa þá lágmarks afkastagetu, að þær með einn hreyfil óvirkan og á flugþyngd eins og hún er á hverjum tíma, geti haldið þeirri lágmarksflughæð eða lágmarksflughæðum, sem birtar eru í Flugmálalagabók — AIP Iceland — á allri fyrirhugaðri flugleið. Ef flogið er eftir flugleið, sem ekki er birt í Flugmálalagabók — AIP Iceland — skal miða við 1500 feta hæð yfir hæstu hindrun innan 10 sjómílna beggja vegna flugleiðarinnar.